

hans, er áður var kirkjugarður, megi jarða láta húsfreyju sína, er önduð er, og að hann, **196**
 ef til kemur, megi gjöra þar heimilisgrafreit, með því skilyrði, að svæðinu verði jafnan **29. sept.**
 haldið umgirtu af eiganda lóðarinnar, sem grafreiturinn heyrir til, og að eptirlit verði
 haft með grafreitnum á eigandans kostnað í hvert sinn, sem skoðunargjörð fer fram á
 Reykjavíkurdómkirkju. Svo á beiðandinn og innan 6 vikna að gefa út og afhenda til
 þinglesturs skjal það, er hann skuldbindur sig í og eigendur þá, er eptir hann koma, til
 þess, að fullnægja skilyrðum þeim, er að framan eru nefnd.

Fyrirbjóðum vjer hverjum sem einum að tálma því, er að framan er ritað.

Svo gjört í aðsetuborg vorri Kaupmannahöfn, 29. september 1882.

Vort konunglegt innsigli.

(L. S.)

Að allra-mildilegustu boði hans hátignar konungsins.

J. Nellesmann.

H. Stephensen.

—Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hafnarreglugjörð fyrir Akur- **197**
 eyri. — Með þóknanlegu brjefi 1. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafan- **29. sept.**
 um þýðingu af frumvarpi til hafnarreglugjörðar fyrir Akureyrarkaupstað, sem amtmaður-
 inn norðan og austan hafði sent yður, og hafið þjer lagt það til, að ráðgjafinn staðfesti
 frumvarp þetta.

Í öllu verulegu hefir ráðgjafinn getað fallizt á ákvarðanir þær, sem fram á er
 farið í frumvarpinu, þó svo að orðabreyting sje gjör á 1. tölulið I. kafla, og að hegn-
 ingarákvörðunin falli burt í V. kafla, því að fyrir henni er engin heimild að lögum, og
 að við verði bætt ákvörðunum um, hvenær reglugjörðin á að öðlast gildi og um endur-
 skoðun hennar; hafa því breytingar þær verið gjörðar í þessa átt, sem nauðsynlegar
 þóttu, og hefir frumvarpið verið staðfest í dag sem hafnarreglugjörð fyrir Akureyrar-
 kaupstað með þessum breytingum, og fylgir það brjefi þessu í þessari mynd; skal því-
 næst á yður skorað, hr. landshöfðingi, að yður mætti þóknast að annast um, að það
 verði birt á tilhlýðilegan hátt, og sjá um, að kosin verði hafnarnefnd fyrir Akureyrar-
 kaupstað samkvæmt reglum þeim, sem tilsk. 20. apr. 1872 um stjórn bøjarmálefna í
 Reykjavík setur um kosning hafnarnefnadar í Reykjavík.

Í sambandi við þetta mál skal eigi hjá líða látið, að vekja þjónustusamlega at-
 hygli yðar, herra landshöfðingi, á því, að þess hefir eigi vart orðið, að fullnøgt sje
 endurskoðunar-ákvörðun þeirri, sem stendur í enda VI. kafla hafnarreglugjörðar þeirrar
 fyrir Reykjavíkurkaupstað, sem sett var 6. nóvembr. 1872.

Hafnarreglugjörð.

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. Hafnartollur.

1. Af öllum skipum, erlendum jafnt sem innlendum, þeim er til rúmmáls eru reiknuð,
 skal 5 aura gjald greiða af smálest hverri („ton“) bæði þá er þau sigla inn og út,
 hvort sem þau heldur eru vörum fermd, tóm eða með seglfestu.
2. Nú fermir skip eður affermir á höfninni, og skal þá, hvort heldur sem skipið er
 innanbæjar eða utanbæjarskip, innlent eður útlent, gjalda 10 aura af hverri smálest
 (ton) af fullu rúmmáli þess, auk gjalds þess, sem ákveðið er í 1. tölulið. Komi
 sama skip optar á höfnina á ári, en einu sinni, skal gjöld þau, er nú hafa nefnd

197
29. sept.

verið, að eins í fyrsta skipti á árinu að fullu greiða, en hin skiptin skal að eins borga $\frac{3}{4}$ af gjöldum þessum í hvert sinn.

Tolla þá, sem nefndir eru í 1. tölulíð, skal þá greiða, er skipið varpar akkerum fyrir innan Oddeyrartanga og merki þau, er höfnina takmarka. Nú leitar skip hafnar fyrir ísreks sakir, storma eður því um líks, og skal afgjald af því greiða engu að síður.

II. Fyrir ljósker það, er sett kann að verða ef til vill á Oddeyrartanga við innsiglinguna á höfnina, skal sá, sem heimtar að kveikt sje á því, borga 1 krónu fyrir nótt hverja. Þetta gjald skal greiða, hvort sem skip það, er beðið hefir verið um að kveikja fyrir, kemur á höfnina eður ekki. Eigi verður á ljóskerinu kveikt nema *hafnar-nefndin* sje þess beðin.

III. Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin, ber enn fremur að greiða:

1. Strandtoll, ef skip er lagt upp í fjöruna til að hreinsa það eður endurbæta, hvort heldnr sem skipin eru innlend eður útlend, 2 aura um daginn fyrir smálest hverja.
2. Seglfestugjald, er seglfesta er í skip tekin af lóð bæjarins, eða flutt úr skipi á hana, hvort sem skipin eru heldur innlend eða útlend, 2 aura fyrir smálest hverja af öllu rúmmáli skipsins.

IV. Öll skip, þau er ríkið á og herflagg hafa og veifu, eru undanþegin hafnargjöldum; sama er og um utanríkisskip, þau er eins eru út búin.

Undan þegin hafnargjöldum eru öll skip danskra þegna, sem á fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef eigi eru í þau fluttar nje úr þeim aðrar vörur, en þær, er heyra til afla þeirra eða útgjörðar.

Nú leitar skip hafnar fyrir skemda sakir, er það hefir á sjó beðið, enda flytur burtu aftur farm þann allan, er það kom með, og eigi meira, þá er það undanþegið hafnargjöldum, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða eigi.

V. Seglfestu má eigi kasta út á höfninni.

Reglugjörð þessi öðlast gildi með nýjári 1883, og skal hana endurskoða innan ársloka 1887.

198
29. sept.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til *landshöfðingja* um skemmdir á kirkjujörðum.

— Með þóknanlegu brjefi 27. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskjöl frá prestunum að Odda og Stóruvöllum um hjálp sakir skemmda þeirra, er prestssetur («præstegárde») brauða þessara hafi fyrir orðið af sandfoki, og fylgdu því erindi álitsskjöl prófastsins í prófastsdæminu og stíptsyfirvaldanna.

Af þessu tilefni læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðöndunum, að eigi er unt að kveða neitt á um hvort fara skuli fram á að leita samþykkis alþingis til að veita þeim hjálp, fyrri en löglegar skoðunargjörðir eru fram komnar á kirkjujörðum tjeðra brauða, og þarf þar að vera nákvæm lýsing á skemdunum, og álit skoðunarmanna um, að hve miklu leyti áfall það, er jarðirnar hafa fyrir orðið, sje að eins skemd í svip, eður þessleidis skemd, er hafa mnni afleiðingar um langa framtíð. Eruð þjer því, herra landshöfðingi, beðinn að tjá beiðöndum, að svo framarlega sem þeir ætla að halda fram beiðni sinni um hjálp, þá verði þeir að láta gjöra slíka skoðun á jörðunum, og ber svo að senda ráðgjafanum málið á ný og fylgi þá ítarlegri álitsskjöl frá prófasti og stíptsyfirvöldunum og nákvæmari tillögur frá yður, herra landshöfðingi.